

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1993-2013, miðsvæði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1993-2013, frá 1. desember 1993.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Lega Suðurnesvegur frá Breiðumýri að Norðurnesvegi verður áfram í núverandi vegstæði í stað færðslu til suðurs.
- Miðsvæði, íbúðarsvæði og svæði fyrir verslun og þjónustu norðan við núverandi Suðurnesveg breytist í blandaða landnotkun miðsvæðis og íbúðarsvæðis. Miðsvæði sunnan við Suðurnesveg er skilgreint á sama hátt.
- Íbúðarsvæði sunnan Suðurnesvegur færast saman í eina heild.
- Opið svæði til sérstakra nota vestan við Breiðumýri stækkar.
- Lega stíga breytist og þeir skilgreindir sem aðal-, útivistar- og reiðstígar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Bessastaðahrepps.

Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 27. júlí 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.